

Strandabyggð  
Ársreikningur  
2019

Strandabyggð  
Höfðagötu 3  
510 Hólmavík

Kt. 570806-0410

# Efnisyfirlit

---

Skýrsla og áritun sveitarstjóra og sveitarstjórnar .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	4
Rekstrarreikningur .....	6
Efnahagsreikningur .....	7
Sjóðstreymsyfirlit .....	9
Skýringar .....	10

## Skýrsla og áritun sveitarstjóra og sveitarstjórnar

Ársreikningur Strandabyggðar er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 625,0 millj. kr. samkvæmt samanteknum ársreikningi fyrir A og B hluta, en þar af námu rekstrartekjur A hluta 586,8 millj. kr.

Álagningarhlutfall útsvars var 14,52% sem var lögbundið hámark þess. Álagningahlutfall fasteignaskatts í A-flokkni nam 0,5% sem er lögbundið hámark. Í B-flokkni nam álagningarhlutfallið 1,32% sem er lögbundið og í C-flokkni nam álagningarhlutfallið 1,51% en lögbundið hámark þess er 1,32 auk heimildar sveitarstjórnar til að hækka álagningu A og C flokka um allt að 25%.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum ársreikningi A og B hluta var neikvæð um 46,7 millj. kr. en í A hluta var rekstrarniðurstaðan neikvæð um 38,8 millj. kr. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok 2019 nam 290,9 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en eigið fé A hluta nam 371,3 millj. kr.

Covid-19 heimsfaraldurinn sem nú gengur yfir mun hafa veruleg áhrif á mörgum sviðum um allan heim þar með talið efnahagsleg. Veruleg óvissa ríkir um efnahagsleg áhrif faraldursins s.s. Vegna óvissu um hve lengi hann mun vara og hver áhrifin munu verða eftir að honum líkur. Vænta má að áhrif á rekstur sveitarfélagsins verði umtalsverð m.a. vegna lægri skatttekna og annarra tekna, frestun gjalddaga og aukinna útgjalda. Sjá nánar í skýringu 18.

Ársreikningur Strandabyggðar fyrir árið 2019 er tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í sveitarstjórn.

Hólmavík,

19.05

2020.

Sveitarstjóri



Ársreikningur Strandabyggðar fyrir árið 2019 hefur hlutið afgreiðslu sveitarstjórnar í samræmi við ákvæði 61. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2012 og er staðfestur og áritaður við síðari umræðu í sveitarstjórn.

Hólmavík,

12.6

2020.

Sveitarstjórn:

Jón Geistli Jónsson  
Birkur Valdimarsen  
Guðfinna Lára Havarðardóttir  
Hóla Þorisdóttir  
Aðalbjörn S. Sigurvaldsson

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til sveitarstjórnar Strandabyggðar.

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Strandabyggðar fyrir árið 2019, sem hefur að geyma samstæðureikning fyrir sveitarfélagið, þ.e. sveitarþjóð, stofnanir þess og fyrirtæki með sjálfstætt reikningshald. Hann greinist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymsfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af fjárhagsstöðu sveitarfélagsins 31. desember 2019 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð sveitarfélagini í samræmi við alþjóðlegar síðareglur fyrir endurskoðendur, International Ethics Standards Board for Accountants Code of Ethics for Professional Accountants (IESBA Code) og síðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar síðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur og IESBA Code. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð sveitarstjórnar og sveitarstjóra á ársreikningnum

Sveitarstjórn og sveitarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber sveitarstjórn og sveitarstjóra að leggja mat á rekstarhæfi sveitarfélagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi nema það sé ekki lengur til staðar.

Sveitarstjórn og sveitarstjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvæðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

## Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

---

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun bæjarstjórnar og bæjarstjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um áframhaldandi rekstrarhæfi sveitarfélagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef síkar skýringar eru ófullnæggjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni haft neikvæð áhrif á rekstrarhæfi sveitarfélagsins.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtoldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glöggja mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.
- Öflum við nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna varðandi fjárhagslegar upplýsingar rekstrareininga sem falla undir starfsemi sveitarfélagsins til að geta gefið álit á ársreikningum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, eftirliti og framkvæmd endurskoðunar sveitarfélagsins og berum óskipta ábyrgð á áritun okkar.

Við upplýsum sveitarstjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

### Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu sveitarstjóra og sveitarstjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þær ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Sauðárkróki, 12. júní 2020.

**KPMG ehf.**

*Kristján Þórsson  
Haraldur Óttar Þórsson*

# Rekstrarreikningur ársins 2019

---

	Skýr.	A hluti		A og B hluti		
		Ársreikningur 2019	Áætlun 2019 með viðaukum	Ársreikningur 2018	Ársreikningur 2019	Áætlun 2019 með viðaukum
<b>Rekstrartekjur</b>						
Útsvar og fasteignaskattur .....	4	284.171	286.018	277.315	283.362	285.428
Framlög Jöfnunarsjóðs .....	4	203.630	225.000	235.311	203.630	225.000
Aðrar tekjur .....	4	98.987	98.937	86.426	137.968	138.222
		<u>586.787</u>	<u>609.955</u>	<u>599.052</u>	<u>624.960</u>	<u>676.873</u>
<b>Rekstrargjöld</b>						
Laun og launatengd gjöld .....	5	344.896	324.660	350.323	366.874	347.660
Lífeyrisskuldbinding, hækjun .....		3.452	3.110	2.579	3.452	3.110
Annar rekstrarkostnaður .....		221.218	215.901	209.818	229.278	211.365
		<u>569.566</u>	<u>543.671</u>	<u>562.720</u>	<u>599.604</u>	<u>619.273</u>
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir .....		17.222	66.284	36.332	25.356	86.515
Afskriftir .....	8	( 22.996 )	( 24.000 )	( 18.051 )	( 32.600 )	( 31.520 )
		<u>( 22.996 )</u>	<u>( 24.000 )</u>	<u>( 18.051 )</u>	<u>( 32.600 )</u>	<u>( 26.838 )</u>
Rekstrarniðurstaða án fjármuna- tekna og fjármagnsgjalda .....		( 5.775 )	42.284	18.281	( 7.244 )	54.995
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	6	( 33.008 )	( 36.654 )	( 31.120 )	( 41.209 )	( 44.089 )
Hlutdeild minnihluta í afkomu .....		0	0	0	1.747	( 517 )
<b>Rekstrarniðurstaða (neikvæð)</b> .. 12		<u>( 38.783 )</u>	<u>5.630</u>	<u>( 12.838 )</u>	<u>( 46.706 )</u>	<u>10.389</u>
		<u>( 38.783 )</u>	<u>5.630</u>	<u>( 12.838 )</u>	<u>( 46.706 )</u>	<u>( 6.043 )</u>

# Efnahagsreikningur

## Eignir

	Skýr.	A hluti		A og B hluti		
		2019	2018	2019	2018	
<b>Fastafjármunir</b>						
Varanlegir rekstrarfjármunir:						
Fasteignir .....	8	605.256	581.345	633.259	608.222	
Hafnarmannvirki, veitu- og gatnakerfi .....	8	85.594	77.567	202.601	192.026	
Vélar, áhöld og tæki .....	8	61.199	67.970	88.597	96.798	
		<u>752.049</u>	<u>726.881</u>	<u>924.457</u>	<u>897.046</u>	
Áhættufjármunir og langtímakröfur:						
Stofnframlög og eignarhlutir í félögum ...	9	55.693	55.693	40.992	40.992	
Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs ....	10	<u>22.228</u>	<u>23.117</u>	<u>23.263</u>	<u>24.205</u>	
		<u>77.921</u>	<u>78.809</u>	<u>64.255</u>	<u>65.197</u>	
Fastafjármunir		<u>829.970</u>	<u>805.691</u>	<u>988.712</u>	<u>962.243</u>	
<b>Veltufjármunir</b>						
Skammtímakröfur:						
Óinnheimtar tekjur .....	11	41.607	53.210	42.318	65.051	
Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki .....		<u>77.889</u>	<u>79.481</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	
Aðrar skammtímakröfur .....		<u>6.414</u>	<u>1.833</u>	<u>9.983</u>	<u>10.817</u>	
Næsta árs gjald. v. Brúar lífeyrissjóðs ....	10	888	888	942	942	
Handbært fé .....	3i	<u>193</u>	<u>218</u>	<u>193</u>	<u>3.292</u>	
Veltufjármunir		<u>126.991</u>	<u>135.630</u>	<u>53.436</u>	<u>80.102</u>	
<b>Eignir samtals</b>		<u>956.962</u>	<u>941.321</u>	<u>1.042.147</u>	<u>1.042.344</u>	

# 31. desember 2019

---

## Eigið fé og skuldir

	Skýr.	A hluti		A og B hluti	
		2019	2018	2019	2018
<b>Eigið fé</b>					
Eiginfjárreikningur .....	12	371.307	410.090	290.885	337.590
Hlutdeild minnihluta í eigin fé .....		0	0	2.329	4.076
		<u>371.307</u>	<u>410.090</u>	<u>293.213</u>	<u>341.666</u>
<b>Skuldbindingar</b>					
Lífeyrisskuldbinding .....	13	39.970	37.031	39.970	37.031
<b>Langtímaskuldir</b>					
Skuldir við lánastofnanir .....	14	387.874	367.988	540.011	521.057
		<u>387.874</u>	<u>367.988</u>	<u>540.011</u>	<u>521.057</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>					
Skuldir við lánastofnanir .....		29.976	21.702	34.887	21.702
Skuldir við eigin fyrirtæki .....		13.337	7.045	0	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	14	40.082	43.304	51.249	54.487
Skammtímhahluti lífeyrisskuldbindingar .....	13	524	505	524	505
Aðrar skammtímaskuldir .....		73.892	53.655	82.293	65.895
		<u>157.811</u>	<u>126.212</u>	<u>168.953</u>	<u>142.590</u>
Skuldir og skuldbindingar samtals .....		<u>585.655</u>	<u>531.231</u>	<u>748.934</u>	<u>700.679</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>					
		<b>956.962</b>	<b>941.321</b>	<b>1.042.147</b>	<b>1.042.344</b>

# Sjóðstreymisyfirlit árið 2019

	A hluti			A og B hluti		
	Skýr Ársreikningur 2019	Áætlun 2019 með viðaukum	Ársreikningur 2018	Ársreikningur 2019	Áætlun 2019 með viðaukum	Ársreikningur 2018
<b>Rekstrarhreyfingar</b>						
Rekstrarniðurstaða .....	12 ( 38.783 )	5.630	( 12.838 )	( 46.706 )	10.389	( 6.043 )
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárdreymi:						
Afskriftir .....	8 22.996	24.000	18.051	32.600	31.520	26.838
Verðbætur .....	9.968	14.337	11.445	11.919	16.382	13.660
Söluhagnaður .....	0 ( 3.312 )	0	0	0 ( 9.312 )	( 11.117 )	
Hlutdeild minnihluta .....	0 0	0	( 1.747 )	517	( 1.403 )	
Hækken á lífeyrisskuldbindingu .....	13 3.452	1.396	2.579	3.452	1.396	2.579
Veltufé frá rekstri	( 2.366 )	42.051	19.236	( 481 )	50.892	24.515
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:						
Öinnheimtar tekjur, breyting .....	11.603	0	( 4.377 )	22.733	0	1.918
Skammtímakröfur, breyting .....	( 4.581 )	0	1.752	835	0	( 5.959 )
Skammtímaskuldir, breyting .....	20.237	0	( 14.286 )	16.398	0	( 11.325 )
Greiðslur lífeyrisskuldbindingar .....	13 ( 495 )	0	( 458 )	( 495 )	0	( 458 )
Fyrirframgreiðsla til Brúar .....	888	888	( 24.005 )	942	888	( 25.147 )
Samtals	27.653	888	( 41.374 )	40.413	888	( 40.971 )
Handbært fé (til) frá rekstri	25.286	42.939	( 22.137 )	39.932	51.780	( 16.456 )
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>						
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfj. ....	8 ( 48.164 )	( 49.721 )	( 55.908 )	( 60.010 )	( 69.721 )	( 95.286 )
Söluverð rekstrarfjármuna .....	0 4.000	0	0	0	10.000	24.200
Fjárfestingarhreyfingar	( 48.164 )	( 45.721 )	( 55.908 )	( 60.010 )	( 59.721 )	( 71.086 )
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>						
Skuldir við lánastofnanir, breyting.....	8.273	0	21.702	13.185	0	21.702
Viðskiptastaða eigin ft, breyting .....	7.884	791	21.901	0	0	0
Tekin ný langtímalán .....	48.000	48.000	70.000	63.500	63.500	114.000
Afborganir langtímalána .....	14 ( 41.305 )	( 38.199 )	( 38.171 )	( 59.704 )	( 48.747 )	( 54.303 )
Fjármögnunarhreyfingar	22.853	10.592	75.432	16.981	14.753	81.399
<b>(Lækkun) hækken á handbæru fé ....</b>	( 25 )	7.810	( 2.613 )	( 3.097 )	6.812	( 6.143 )
<b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>	218	7.052	2.831	3.291	13.655	9.434
<b>Handbært fé í árslok .....</b>	193	14.862	218	193	20.467	3.291

# Skýringar

---

## 1. Upplýsingar um sveitarfélagið

Strandabyggð er sveitarfélag á Ströndum og var fjöldi íbúa þess 454 þann 1. desember 2019. Skrifstofa sveitarfélagsins er að Höfðagötu 3, 510 Hólmavík.

Mælt er fyrir um grundvallarþætti stjórnsýslu og starfsemi sveitarfélaga í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

Samstæðuársreikningur Strandabyggðar fyrir árið 2019 hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrarreiningar sem falla undir A og B hluta starfsemi sveitarfélagsins, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

Til samræmis við reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlunar og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015 er settur fram rekstrarreikningur, efnahagsreikningur, sjóðstreymisfirlit og viðeigandi skýringar.

Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Hér er um að ræða Aðalsjóð, en auk hans Eignasjóð og Þjónustustöð. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru Hafnarsjóður, Vatnsveita, Fráveita, Veitustofnun, Félagslegar íbúðir og Sorpsamlag Strandasýslu ehf.

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaðferðum og árið áður.

Stöður í efnahagsreikningi milli rekstrarreininga og viðskipti milli þeirra eru felld út í ársreikningi. Af viðskiptum milli rekstrarreininga sveitarfélagsins má nefna álagða fasteignaskatta, húsaleigu Eignasjóðs og önnur innbyrðis viðskipti vegna kaupa á vöru og þjónustu.

## 3. Mikilvægar reikningsskilaðferðir

Reikningsskilaðferðum sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum, nema annað sé tekið fram.

### a. Innlausn tekna

Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð niðurfærsla vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna heyra útsvar, fasteignaskattur og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, auk annarra tekna sem hafa ígildi skatta, svo sem löðarleiga.

Tekjur af sölu þjónustu og vöru eru færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna. Arðstekjur eru færðar til tekna þegar réttur til þeirra hefur myndast.

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er reiknað sem mismunur söluverðs og bókfærðs verðs og er hann færður í rekstrarreikning meðal rekstrartekna eða -gjalda, eftir því sem við á.

### b. Færsla gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

### c. Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í árslok. Verðlagsbreytingar og gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

## Skýringar, frh.: ---

### **3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.**

#### **d. Varanlegir rekstrarfjármunir**

Varanlegir rekstrarfjármunir aðrir en lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðir til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Kostnaðarverð samanstendur af beinum kostnaði sem fellur til við öflum rekstrarfjármuna. Frá kostnaðarverði dragast frá álögð gatnagerðargjöld og önnur framlög vegna stofnkostnaðar.

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðar á gangvirði eða núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrilliggjandi leigusamningum sé það lægra. Lóðir og lendur eru endurmetnar með reglubundnum hætti. Endurmat lóða og lendna er fært í eiginfjárreikning.

#### **e. Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna**

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshlut miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til 10% niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

Fasteignir.....	67 ár
Hafnarmannvirki.....	25 ár
Veitukerfi.....	33 ár
Gatnakerfi.....	10 - 25 ár
Áhöld og búnaður.....	5 - 7 ár

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru ekki afskrifaðar.

#### **f. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum**

Eignarhlutir í félögum og stofnframlög í byggðasamlögum og eigin fyrirtækjum eru færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu vegna virðisýrnunar. Framlög sveitarfélagsins til byggðasamlaga og ýmissa verkefna teljast hluti kostnaðar vegna viðeigandi málaflokkks.

#### **g. Fyrirframgreiðsla til Brúar**

Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs vegna uppgjörs A-deildar á árinu 2019 er færð til eignar og er framlag í lifeyrisaukasjóð gjaldfært á 30 árum en framlag í varúðarsjóð á 20 árum til samræmis við ákvæði reglugerðar nr. 1212/2015.

#### **h. Óinnheimtar tekjur og aðrar kröfur**

Óinnheimtar skatttekjur, aðrar kröfur og verðbréf eru færð niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign sveitarfélagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

#### **i. Handbært fé**

Sjóðir og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

#### **j. Eignir utan efnahagsreiknings**

Fjárfesting í landi og gatnaframkvæmdum fyrir ársbyrjun 2002, hefur áður verið gjaldfærð og er ekki færð til eignar í efnahagsreikningi.

#### **k. Lifeyrisskuldbinding**

Lifeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins er færð sem langtímaskuld í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingarfræðilegrar úttektar í árslok 2019. Breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi sbr. skýringu 13.

#### **l. Langtímaskuldir**

Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikning í árslok eins og lánskjör segja til um. Næsta árs afborganir langtímaskulda eru færðar meðal skammtímaskulda.

#### **m. Ábyrgðir og aðrar skuldbindingar utan efnahagsreiknings**

Skrá um ábyrgðir og aðrar skuldbindingar sveitarfélagsins utan efnahagsreiknings er birt í skýringu 16.

## Skýringar, frh.:

### 3. Mikilvægar reikningsskilaðferðir, frh.

#### n. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2019 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi, sjóðstreymisfirliti og skýringum. Um er að ræða fjárhagsáætlun með viðaukum sem sveitarstjórn hefur samþykkt. Ásamt fjárhagsáætlun Sorpsamlangs Strandasýslu ehf. eins og hún var lögð fyrir stjórn. Gerð er grein fyrir upphaflegri samþykktri fjárhagsáætlun, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum í skýringum 20.

### 4. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

	A hluti		A og B hluti		
	Ársreikningur 2019	Áætlun 2019 með viðaukum	Ársreikningur 2018	Ársreikningur 2019	Áætlun 2019 með viðaukum
<b>Útsvar og fasteignaskattur:</b>					
Útsvar.....	248.682	254.000	245.340	248.682	254.000
Fasteignaskattur.....	28.468	25.918	25.660	27.660	25.328
Lóðarleiga.....	7.020	6.100	6.315	7.020	6.100
	284.171	286.018	277.315	283.362	285.428
<b>Framlög Jöfnunarsjóðs:</b>					
Framlag vegna fasteignaskatts..	37.268	34.900	33.799	37.268	34.900
Útgjaldarjöfnunarframlag.....	108.613	117.500	132.989	108.613	117.500
Framlög vegna grunnskóla.....	48.599	59.800	60.423	48.599	59.800
Önnur framlög.....	9.150	12.800	8.100	9.150	12.800
	203.630	225.000	235.311	203.630	225.000
Skatttekjur samtals .....	487.800	511.018	512.626	486.992	510.428
<b>Aðrar tekjur:</b>					
Aðrar tekjur.....	98.987	98.937	86.426	137.968	138.222
Rekstrartekjur samtals.....	586.787	609.955	599.052	624.960	648.650
					676.873

### 5. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

Laun .....	279.390	265.252	285.200	296.696	283.652	302.192
Launatengd gjöld .....	62.079	58.518	64.827	66.698	63.118	69.022
Annar áfallinn launakostnaður....	2.539	0	( 592 )	2.539	0	( 592 )
Framlög vegna uppgjörs						
A deilda Brúar lifeyrissjóðs.....	888	890	888	942	890	942
Laun og launat.gjöld samtals ....	344.896	324.660	350.323	366.874	347.660	371.564

2019                                  2018

Fjöldi starfsmanna í árslok.....		90	93
Fjöldi stöðugilda í árslok.....		44	45
Ársverk.....		51	45
Laun og launatengd gjöld sveitarstjóra og sveitarstjórnar.....		22.630	24.846

## Skýringar, frh.: ---

### 6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	A hluti		A og B hluti			
	Ársreikningur 2019	Áætlun 2019 með viðaukum	Ársreikningur 2018	Ársreikningur 2019	Áætlun 2019 með viðaukum	Ársreikningur 2018
Vaxtatekjur og verðbætur.....	3.603	2.311	2.366	3.619	2.311	2.412
Arður af eignarhlutum .....	1.739	2.250	1.634	1.739	2.250	1.634
Vaxtagjöld og verðbætur .....	( 38.350 )	( 41.265 )	( 35.120 )	( 46.567 )	( 48.701 )	( 42.253 )
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals.....	( 33.008 )	( 36.654 )	( 31.120 )	( 41.209 )	( 44.089 )	( 38.207 )

### 7. Heildaryfirlit um rekstur

Rekstur málaflokka, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins greinist þannig:

	Ársreikningur Áætlun 2019		Ársreikningur 2019	með viðaukum	Ársreikningur 2018
	Mismunur	Nettó			
<b>Aðalsjóður:</b>					
Skatttekjur .....	493.074	516.000			517.408
Félagsþjónusta .....	( 33.211 )	( 35.000 )			( 28.837 )
Heilbrigðismál .....	( 1.229 )	( 1.250 )			( 1.191 )
Fræðslu- og uppeldismál .....	( 257.569 )	( 242.000 )			( 259.387 )
Menningarmál .....	( 12.001 )	( 10.500 )			( 11.232 )
Æskulýðs- og íþróttamál .....	( 76.732 )	( 73.000 )			( 83.669 )
Brunamál og almannavarnir .....	( 10.407 )	( 15.000 )			( 8.667 )
Hreinlætismál .....	( 8.289 )	( 10.500 )			( 11.069 )
Skipulags- og byggingarmál .....	( 9.840 )	( 8.500 )			( 8.215 )
Umferðar- og samgöngumál .....	( 11.612 )	( 9.500 )			( 10.729 )
Umhverfismál .....	( 10.266 )	( 11.000 )			( 10.611 )
Atvinnumál .....	( 1.575 )	( 3.300 )			( 3.986 )
Sameiginlegur kostnaður .....	( 64.110 )	( 62.000 )			( 63.163 )
Breyting lífeyrisskuldbindingar og framlag vegna A deilda Brúar .....	( 4.340 )	( 4.000 )			( 3.467 )
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....	( 6.675 )	( 3.900 )			( 4.428 )
Aðalsjóður samtals .....	( 14.784 )	26.550			8.754
<b>A hluta stofnanir:</b>					
Eignasjóður .....	( 19.875 )	( 16.920 )			( 12.163 )
Þjónustustöð .....	( 4.124 )	( 4.000 )			( 9.429 )
A hluta samtals .....	( 38.783 )	5.630			( 12.838 )
<b>B hluta fyrirtæki:</b>					
Félagslegar íbúðir .....	( 306 )	350			9.302
Hafnarsjóður .....	( 2.586 )	( 3.000 )			( 1.515 )
Vatnsveita .....		3.084	2.048		2.550
Veitustofnun .....	( 3.423 )	3.761			( 1.222 )
Fráveita .....	( 62 )	100			1.420
Sorpsamlag Strandasýslu ehf. ....	( 6.376 )	1.500			( 5.142 )
Hlutdeild minnihluta í afkomu .....	1.747	0			1.403
	( 46.706 )	10.389			( 6.043 )

## Skýringar, frh.: ---

### 8. Varanlegir rekstrarfjármunir

#### a. Bókfært verð

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	<b>Fasteignir og lóðir</b>	<b>Gatnakerfi</b>	<b>Áhöld og tæki</b>	<b>Samtals</b>
<b>A hluti</b>				
Heildarverð 1.1.2019 .....	928.042	85.707	88.293	1.102.042
Afskrifað áður .....	( 346.697 )	( 8.141 )	( 20.323 )	( 375.161 )
Bókfært verð 1.1.2019 .....	581.345	77.566	67.970	726.881
Viðbót á árinu .....	33.766	11.456	2.942	48.164
Afskrifað á árinu .....	( 9.855 )	( 3.428 )	( 9.713 )	( 22.996 )
Bókfært verð 31.12.2019 .....	605.256	85.594	61.199	752.049
Samtals heildarverð 31.12.2019 .....	961.808	97.163	91.235	1.150.206
Afskrifað samtals .....	( 356.552 )	( 11.569 )	( 30.036 )	( 398.157 )
Bókfært verð 31.12.2019 .....	605.256	85.594	61.199	752.049
Afskriftarhlutföll .....	1,5%	4 - 10%	5 - 20%	

	<b>Gatna-, veitu og hafnar mannvirkni</b>	<b>Áhöld og tæki</b>	<b>Samtals</b>
<b>A og B hluti</b>			
Heildarverð 1.1.2019 .....	975.124	390.861	143.723
Afskrifað áður .....	( 366.902 )	( 198.835 )	( 46.925 )
Bókfært verð 1.1.2019 .....	608.222	192.026	96.798
Viðbót á árinu .....	35.934	19.274	4.802
Afskrifað á árinu .....	( 10.898 )	( 8.699 )	( 13.003 )
Bókfært verð 31.12.2019 .....	633.259	202.601	88.597
Samtals heildarverð 31.12.2019 .....	1.011.058	410.135	148.525
Afskrifað samtals .....	( 377.800 )	( 207.534 )	( 59.928 )
Bókfært verð 31.12.2019 .....	633.259	202.601	88.597
Afskriftarhlutföll .....	1,5%	4 - 10%	5 - 20%

## Skýringar, frh.: ---

### **8. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.**

#### **b. Fjárfesting**

Fjárfestingar í varanlegum reksrarfjármunum á árinu sundurliðast þannig:

	Fjárfesting 2019	Áætlun 2019 með viðaukum
<b>A hluti</b>		
<b>Fasteignir:</b>		
Leikskóli .....	2.763	2.000
Grunnskóli .....	834	1.500
Félagsheimili Hólmavík .....	2.021	500
Íþróttamiðstöð .....	20.040	18.000
Höfðagata 3 .....	1.601	1.800
Skipulag opin svæði .....	0	2.000
